

81. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin raforkulög nr. 12 2. apríl 1946, svo og lög nr. 36 1. maí 1947 og lög nr. 58 25. maí 1949, um breytingar og viðauka á þeim lögum; lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita; lög nr. 114 30. des. 1943, um breytingu á þeim lögum; lög nr. 3 31. janúar 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, lög nr. 7 11. marz 1946, um girðingar kringum hvergi og laugar, og lög nr. 55 29. marz 1961, um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins, svo og öll ákvæði eldri laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

82. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1967.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING

um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gærkvöldi úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 4. maí 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.